

Umsögn

Málsnr.: 0511459SA

Dags.: 29. nóvember
2005

Sambands íslenskra sveitarfélaga

Tilv.: 162/TFV

um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum

Þriðjudaginn 29. nóvember 2005 mælti félagsmálaráðherra á Alþingi fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, sbr. 364. mál 132. löggjafarþings.

Efni laganna er þrjúþætt:

1. Undanþágum frá greiðslu fasteignaskatts er fækkað frá og með 1. janúar 2006. Fyrst og fremst er um að ræða fasteignir ríkisins. Álagningarhlutfallið sem gert er ráð fyrir notað verði á umræddar fasteignir miðast við að kostnaðarauki ríkisins verði 200 m.kr. árið 2006, 400 m.kr. árið 2007 og 600 m.kr. frá og með árinu 2008.
2. Fasteignaskattur verður lagður á nýjar fasteignir frá og með næstu mánaðamótum eftir að lóðir og ný mannvirki eru skráð í Landskrá fasteigna, í hlutfalli við ársálagningu. Sú breyting leiðir til aukins jafnræðis í greiðslu fasteignaskatts. Samkvæmt gildandi lögum er ekki mögulegt að leggja fasteignaskatt á eignir sem fá fasteignamat í janúar fyrr en ári seinna. Áætlaður tekjuauki sveitarfélaganna vegna þessarar breytingar er um 150-200 milljónir króna á ári.

Báðar framangreindar breytingar eru í samræmi við niðurstöður tekjustofnanefndar ríkis og sveitarfélaga frá 17. mars 2005.

3. Frá og með árinu 2007 verður álagning fasteignaskatta framkvæmd í Landsskrá fasteigna. Samkvæmt gildandi lögum heldur hvert og eitt sveitarfélag sína sérstöku álagningarskrá sem árlega er uppfærð samkvæmt gögnum frá Fasteignamati ríkisins. Þessi breyting er ekki tilkomin vegna niðurstöðu tekjustofnanefndar. Hins vegar er hún í samræmi við skýrslu um álagningu fasteignagjalda í Landskrá fasteigna frá því í september 2005, sem unnin var að beiðni samráðshóps félagsmálaráðherra, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Fasteignamats ríkisins.

Þessi breyting er ekki gerð að frumkvæði eða ósk sambandsins. Fasteignaskatturinn er annar mikilvægasti tekjustofn sveitarfélaganna og af hálfu sambandsins hefur verið lögð áhersla á að ákvörðunarvald um álagningarhlutfall, gjalddaga og innheimtu skattsins sé hjá sveitarfélögunum og á því verða engar breytingar.

Kerfi til álagningar fasteignaskatts í Landsskrá fasteigna er enn ekki tilbúið en verður það fyrir árslok 2006. Sambandið telur að forsenda þess að unnt sé að leggja

fasteignaskattinn á í Landsskrá fasteigna sé að nauðsynlegar lagfæringar og kerfisbreytingar á landsskránni verði unnar í samráði við sveitarfélögin. Nýtt álagningarkerfi verður að leiða til aukinnar skilvirkni og tryggja að fullu forræði sveitarfélaganna á áreiðanlegri álagningu og innheimtu þessa mikilvæga tekjustofns sveitarfélaganna. Sambandið treystir því, sem fram hefur komið í viðræðum við forstjóra Fasteignamats ríkisins að greiðslur sveitarfélaganna til þess hækki ekki vegna þessarar breytingar og að það muni standa straum af öllum stofn- og þróunarkostnaði sem henni fylgir.

Ítrekað er að megintilgangur þessa frumvarps er að lögfesta niðurstöður tekjustofnanefndar frá 17. mars 2005, sem samkomulag var um að kæmu til framkvæmda um næstu áramót.

Samband íslenskra sveitarfélaga leggur því áherslu á að frumvarpið verði samþykkt sem fyrst.

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri